



Selfossi 2. maí 2017

Fundargerð stjórnar

14. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 2. maí 2017, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Eyþór H. Ólafsson boðaði forföll.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Tölfræði 2016

Pétur kynnti tölfræði ársins 2016 hvað varðar útkallsfjölda, ástæður útkalla og fleira. Útköll á stöðvar árið 2016 voru 144, flest í Árborg.

2. Drög að reglugerð um starfsemi slökkviliða

Pétur fór yfir einstaka liði í reglugerðinni sem snerta rekstur B.A. Stjórn B.A. gerir athugasemd við orðalag b.liðar fyrstu málsgreinar 17. greinar reglugerðarinnar og telur nauðsynlegt að hugtakið slökkviliðsmaður verði skilgreint í reglugerðinni. Einnig óskar stjórnin eftir kostnaðargreiningu vegna þeirra breytinga sem koma fram í reglugerðinni. Slökkvistjóra er falið að senda athugasemdirnar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Staða á slökkvistöðinni í Árnesi

Byggingin er í fullum gangi og er orðin fokheld. Einhver seinkun verður á afhendingu.

4. Staðan á tankbílum

Tankbílar eru í fullum undirbúningi. Eftir er að setja forgangsljósina á þá en þegar það verður komið þá fara þeir í notkun.

5. Staðan á kaupum á nýjum slökkvibíl

Verið er að ganga frá smíðum á nýjum dælubíl í Póllandi. Er hann væntanlegur til landsins í júní.

6. Hugleiðingar um ráðningu aðila til þjálfunarmála almennings

Pétur kynnti hugrenningar sínar varðandi ráðningu á nýjum starfsmanni til reynslu í eitt ár. Óskað eftir kostnaðargreiningu á næsta fund. Pétur gerir ráð fyrir að staðan yrði greidd með útseldri vinnu ef til kæmi.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'P', 'JG', 'SS', and 'U'.

7. **Hugleiðingar varðandi þjálfunarmál á landsvísu**

Pétur talaði um hugleiðingar varðandi þjálfunarmál á landsvísu í samstarfi við Mannvirkjastofnun. Málið tengist hugleiðingum varðandi lið 6.

8. **Eignfærsla á bifreiðum**

Búið er að selja bílinn sem var á Stokkseyri og stendur til að selja tankbílinn sem er á Flúðum og bílinn sem eldvarnaeftirlitið er á. Pétur leggur til nýr bíll fyrir eldvarnaeftirlitið verði fjármagnaður með þessari sölu. Samþykkt af stjórn.

9. **Önnur mál**

- a. Rýnt í skýrslu R3 frá 2015 og farið yfir hvað lagt var til að breytt yrði og hvað búið er að gera. Pétri falið að gera vinnublað um hvað búið er að gera.
- b. Næsti fundur verður þriðjudaginn 6. júní kl. 8:15.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið kl. 10:00

Pjetur Pjetursson
Anna Þorvaldsdóttir
J.S. Gunnarsson
Augasta
Hanna & Guðrún
Pjetur Pjetursson
Anna Þorvaldsdóttir